

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Græna smiðjan



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	12.10.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ásgeir Björnsson
<b>Fyrirtæki</b>	ORF Líftækni ehf	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Víkurhvarfi 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	420201-3540	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Sæmundsson	<b>ÍSAT nr.</b>	01.10.1
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	Grindavík

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Athugasemdir eru gerðar við þrjú atriði.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

### Umhverfi

Farið í kringum gróðurhús, myndir teknar og leitað að byggplöntum í umhverfinu. Engin byggplanta var sýnileg utan við gróðurhúsið.

### Afmörkunarráðstafanir athugaðar

Öryggiskerfi, úrgangur, frárennsli, verklag, skemmdir á gróðurhúsi og dýravarnir var athugað. Gámur hefur verið tengdur við vesturhlíð gróðurhússins og með eigin frárennislögn. Þessi gámur er notaður fyrir þvott ræktunarpotta og renna. Yfir niðurfalli gámsins er fræsia sem er fest niður með skrúfum, en eina skrúfu af fjórum vantaði þegar þetta eftirlit fór fram. Fjórtán þakrúður brotnuðu í óveðri þann 10. apríl 2011. Viðgerðir voru framkvæmdar strax og veður leyfði. Engar plöntur högguðust eða urðu fyrir tjóni í þessu veðri.

### Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir

Skráning starfseminnar er að stærstum hluta rafræn, í Excel skjali. Skráning á innra eftirlit gróðurhús ofl. er í dagbók stöðvarstjóra, sem átti eftir að endurnýjuð þegar fyrri dagbók kláraðist. Engar byggplöntur hafa fundist utan við gróðurhúsið við skoðunarferðir stöðvarstjóra. Eftirlitsfulltrúi fékk lista yfir byggafbrigði í ræktun í Grænu smiðjunni, sem er skráð rafrænt. Öll tilgreind byggafbrigði höfðu áður verið tilkynnt til Umhverfisstofnunar, í samræmi við leyfisskilyrði. Eftirlitsfulltrúi bað um og fékk yfirlit yfir magn og dagsetningar á brenndum úrgangi í Sorpeyðingarstöð suðurnesja, sem kemur bæði frá Grænu smiðjunni og frævinsslunni í Grindavík.

## ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að ekki var búið að endurnýja vinnudagbók stöðvarstjóra (aths 1). Hún hefur verið endurnýjuð strax í kjölfar eftirlitsferðar. Athugasemdir eru einnig gerðar við að gámaeining væri tengd við gróðurhúsið án þess að Umhverfisstofnun væri upplýst um það (aths 2), og að ein af fjórum festiskrúfum vantaði í fræsiu í viðtengdum gám sem er notaður fyrir þvottastarfsemi (aths 3).

## ANNAÐ

Stöðvun var á starfsemi gróðurhússins tímabilið október 2011 – mars 2012 fyrir þrif og viðgerðir.

Eftirlitið hófst kl. 9:40 þann 12. október 2012 í Grænu smiðjunni. Starfsmaður ORF Líftækni hf. fór með eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar í vettvangsskoðun. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 11:00.

Reykjavík, 19.12.2012

Ásgeir Björnsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.